

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**12.-13. október.** Efni þarf að  
berast fyrir **3. október.**

## Pistill sveitarstjóra

Mínar fyrstu vikur í embætti sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps hafa verið afar ánægjulegar enda hefur mér hvarvetna verið vel tekið og fyrir það vil ég þakka.

Þrátt fyrir að þekking á gætlegra til verkefna sveitarfélaga er margt nýtt og framandi í nýju starfi. Íbúa í Hrunamannahreppi þekki ég til dæmis ekki nema að litlu leyti. Sögu ykkar og reynsluheim enn síður og staðhættir og örnefni eru mér að miklu leyti ókunn. En þannig vil ég ekki hafa það. Ég vil vera sveitarstjórinn ykkar allra. Ég vil þekkingu fólkið og vil að allir hafi greiðan aðgang að sveitarstjóranum. Vona ég svo sannarlega að samstarf okkar allra verði eins og best verður á koslið í framtíðinni.



### Enn betri upplýsingar til íbúa

Það er mér sérstakt ánægjuefni að skrifa í fyrsta sinn pistil í Pésann. Það er ótrúlega vel gert að hafa gefið út blað sem þetta í 32 ár og mættu mörg sveitarfélög taka sér Hrunamannahrepp til fyrirmyndar hvað þetta varðar.

Fyrirhugað er að bæta enn frekar upplýsingagjöf til íbúa og sem lið í því hefur Pésinn nú fengið nýtt útlit. Samhliða mun þurfa að greiða mjög hóflegt gjald fyrir auglýsingar. Vonum við að þessar breytingar mælist vel fyrir. Ný heimasíða hefur einnig verið rædd í sveitarstjórn og samþykkt að stefnt skuli að birtingu gagna með fundargerðum hið allra fyrsta.

### Gaman í sumar og haust

Sumarið í Hrunamannahreppi hefur verið lífligt. Margmenni sótti hátíðina Flúðir um Versló sem tókst vel í miklu blíðskaparveðri. Uppskeruhátíðin er afar skemmtilegur dagur sem skapað hefur sér veglegan sess og réttirnar í vikunni eru tilhlökkunarefni. Framkvæmdir í miðbænum á Flúðum, nýtt hringtorg og umhverfi Félagsheimilis, eru á lokastigi og nú má sjá árangurinn í gullfallegum miðbæ sem eftir er tekið.

### Framundan er uppbygging

Sveitarstjórn hefur samþykkt að útboð gatnagerðar við fyrstu götu Byggða á Bríkum fari fram hið fyrsta. Með því ætti að vera mögulegt að úthluta fjölbreyttum lóðum fyrir 25 íbúðir í kringum jól og lóðir að verða byggingahæfar næsta sumar. Sveitarstjórn hefur einnig nýlega úthlutað lóðum fyrir eitt raðhús, eitt parhús og tvö einbýlishús svo það er ljóst að mikið er framundan í þeim efnum.

*Með ósk um gott haust og ánægjulegt samstarf  
Aldís Hafsteinsdóttir*



*Oddvitar aðildarsveitarfélaganna og framkvæmdastjóri Seyruverkefnisins.*

# Seyrustaðir hafa verið formlega opnaðir á Flúðum

Ný móttökustöð fyrir seyru var formlega opnuð fimmtudaginn 25. ágúst sl. af Umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra, Guðlaugi Þóri Þórðarsyni. Það eru sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur sem standa að rekstri seyruverkefnisins. Eru losaðar rotþrær á starfsvæðinu 9.000 talsins og fer þeim stöðugt fjölgandi. Jafnframt losa sveitarfélögin Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra og Sveitarfélagið Ölfus seyru á Seyrustöðum. Á Seyrustöðum er seyran kölluð og afvötnuð áður en hún er keyrð inn í landgræðslugirðingu inná afrétti þar sem henni er dreift sem áburði. Samkvæmt mælingum Landgræðslunnar er umtalsverður árangur sjáanlegur á gróðurþekju á afréttinum eftir að dreifing seyru hófst enda kom það fram bæði í máli Magnúsar H. Jóhannssonar, sviðsstjóra hjá Landgræðslunni og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að verkefnið væri bæði framsækið, metnaðarfullt og til eftirbreytni fyrir önnur sveitarfélög og báðir komu inná það í sínum ræðum við opnunina að þeim mikilvægu næringarefnum sem myndast í seyru væri mikil synd að sóa.



# ULLARVIKAN

## South Iceland 2022

# WOOL WEEK

2. - 9. október

### DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022

#### Laugardagur 1.október

13:00-16:00 | Hella: **Dagur Sauðkindarinnar**

#### Sunnudagur 2.október

14:00-16:00 | Árbæjarhjáleiga: **LITASÝNING**  
Fjárræktarfélagið „Litur“

#### Mánudagur 3.október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Tröllabandsprjón**  
hægt að koma og læra að prjóna sessur úr tröllabandi með tröllaprónum.

#### Þriðjudagur 4.október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Litunardagur**  
handlitun í potti til sýnis.

#### Miðvikudagur 5.október

15:00-18:00 | Uppspuni: **Víkingastemning**  
víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

#### Fimmtudagur 6.október

14:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**, opnun á sýningunni: „Sýnishornið“.

19:30-20:30 | Fél. Þingborg: **Fyrirlestur um**

**peysprjón** - Guðrún Hildur Rosenkjær (Annriki)

20:30-22:00 | Fél. Þingborg: **Prjóna og spunakvöld**

#### Föstudagur 7.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

11:00-15:00 | Uppspuni: **Opið hús** í verksmiðjunni

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu**

**Spunasystem** (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)

opið til 21.00 á ★ Pykkvabæjarklaustri.

19:30-22:00 | Hespa: **Prjóna- og spunakvöld**  
velkomið að mæta með vín.

#### Laugardagur 8.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá níu**

**Spunasystem** (sjá ★ á korti)

11:00-15:00 | Uppspuni: **Rúningur & opið fjárhús**

hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band

16:00-18:00 | Hespa: **Opinn fyrirlestur & kynningu**  
á „Indigó-blái liturinn“.

#### Sunnudagur 9.október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Markaður,**

**Prjónakaffihús, matarvagnar.**


[www.ullarvikan.is](http://www.ullarvikan.is)



opnar vinnustofur  
garnbúðir & prjónakaffi  
litasýning & rúningur



★ Þykkvabæjarklaustur



## HUGMYND

# TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingar-  
leyfisskildum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf verðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14, 845 Flúðir - flight@simnet.is - Sími 699 0757



## REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

**LYFJA SELFOSSI**

**ÚTIBÚ LAUGARÁSI**

**BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI**

**OPIÐ**

**10-16 mán - fim**

**Lokað fös - sun**







# Flúðaskóli settur

Pann 22. ágúst síðastliðinn var Flúðaskóli settur í 93. skiptið. Nú eru 105 nemendur skráðir í skólann og hefur nemendum fjölgað um 9 frá því í fyrra.

43 nemendur úr Hrunamannahreppi eru í skólaakstri og einnig þeir 27 sem koma frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það eru því um 67% nemenda sem koma í skólann með skólabíl.

Gaman er að segja frá því að í ár eru 50 ár frá því að Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur hófu að senda sína unglinga hingað í Flúðaskóla.

Í vikunni áður en skóli var settur voru kennarar frá okkur, Þjórsárskóla og Reykholtsskóla með sameiginlegt námskeið hér í Félagsheimilinu. Þetta var mjög ánægjulegt samstarf og gaf okkur tækifæri til að hitta kennara í nágrennskólum og spjalla saman. Vonandi verður meira samstarf af þessu tagi hjá okkur í framtíðinni

Við höfum einnig ákveðið að hefja samstarf við Reykholtsskóla, Bláskógaskóla á Laugarvatni og Kerhólsskóla og halda 4 sameiginlegar smiðjur fyrir unglingana okkar í vetur. Þessar smiðjur munu koma í staðinn fyrir tvær valstundir á viku og því styttest skóladagur á mánudögum miðað við það sem verið hefur. Með þessu skapast meiri samgangur, viðkyrning og samvera unglinganna í uppsveitum Árnessýslu sem er afar jákvætt.

Við hlökkum til komandi skólaárs með okkar frábæru nemendum og samstarfsfólki.

*Jóhanna Lilja Arnardóttir,  
skólastjóri Flúðaskóla.*

## Breytingar í bókasafninu

Ásta Rún Jónsdóttir er nýr forstöðumaður bókasafnsins. Hún hefur tekið við starfinu af Ingu Jónu Hjaltadóttur sem hér með er þakkað fyrir góð störf um leið og Ásta er boðin velkomin til starfa.

Örlitlar breytingar hafa verið gerðar á opnunartíma safnsins og verður hann sem hér segir:

Þriðjudaga Kl. 19-20  
Miðvikudaga Kl. 16-18  
Fimmtudaga Kl. 16-18  
Föstudaga Kl. 12-14

Munum að bókasafnið er menningarmiðstöðin okkar allra og þar er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að skoða.



## Sorphirðudagatal

### SEPTEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	
31						

### OKTÓBER

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					



### NÓVEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

### DESEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31





# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Muna að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.



Starfsmaður Slökkviþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, **ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.**

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4 800 900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is).



# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi

400

ULSAB



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi. Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er. Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499

**BÍLAVERKSTÆÐI**



**OPIÐ KL. 8:00-17:00**

## **FÓTAÆÐGERÐASTOFA ÖDDU SIGGU**

*Miðfelli 2a*

**Opið alla virka daga kl. 8-16.**

**Tímamantanir í síma  
867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



## **Nudd - Bowen - Massage**

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen-meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabók-anir eru í gegnum síma eða á Facebook-síðu. Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.

*Now it's available to get massage and Bowen treatment in Reykholt Sports Center (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my Facebook page.*

**Nils Guðjónsson**

*Bowen tæknir*

Sími / Tel.: 897 6944  
nilsgudjon@gmail.com  
facebook.com/NG ehf





## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

## SKRIFSTOFA HRUNAMANNAHREPPS

### Opnunartímar:

Mánudaga til fimmtudaga: Kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: Kl. 09:00-12:00

Sími 480 6600 - [fludir.is](http://fludir.is) - [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



## Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum

Opnunartíminn verður frá kl. 13 til 18 á mánudögum, miðvikudögum,  
föstudögum og laugardögum. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið  
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa  
samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis er 835 1355.

# Íþróttahúsið Flúðum

## Opnunartími tækjasal:

Mánudaga - fimmtudaga kl: 16:00 – 21:30.

Föstudaga kl: 13:00 – 18:00.

Það verður opið einhverjar helgar þegar mót eru í húsinu, við munum auglýsa það á Facebook-síðunni „Íþróttahúsið Flúðum“.

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélagum er hægt að sækja um styrk.

Hvetjum alla til að kynna sér tímatöfluna hjá íþróttahúsinu, margt skemmtilegt í boði fyrir flesta aldurshópa.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að íþróttahús verði opið milli 6:00 og 9:00 einu sinni í viku og sundlaug með sama hætti einu sinni í viku. Verður betur auglýst síðar.

## Sundlaugin Flúðum

### Opnunartími:

Mán.- mið. og fös. kl. 16:00 – 20:30

Laugardag og sunnudag kl. 13:00 - 18:00

Lokað á fimmtudögum

# FÉLAG ELDRI HRUNAMANNA

## AÐALFUNDUR

**Verður haldinn þriðjudaginn  
27. sept. í Húppusal í  
Félagsheimilinu kl. 16.**

Venjuleg aðalfundastörf.

Kjósa skal ritara og varamann  
en ritari gefur kost á sér en  
varamaður ekki.

Umræður um dagskrá vetrarins  
og góðar tillögur vel þegnar.

Boðið verður upp á  
kaffi og konfekt.

Með kveðju í von um  
góða þátttöku.

*Stjórn félags eldri Hrunamanna.*

MÁNUDAGUR		ÞRIÐJUDAGUR		MIÐVIKUDAGUR		FIMMTUDAGUR		FÖSTUDAGUR			
SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2		
10:00-11:00 Tími eldri borgara				10:00-11:00 Tími eldri borgara		13:00-13:50 Karfa 1.-2. bekkur		12:30-13:40 Karfa 3.-6. bekkur			
12:30-13:30 Karfa 1.-2. bekkur						13:50-14:40 Karfa 3.-4. bekkur		13:40-15:00 Karfa 7.-10. bekkur			
13:30-15:00 Karfa 7.-10. b.		13:30-15:00 Karfa 3.-6. b.		15:10-16:10 1.-4. bekkur fótbolti		15:10-16:10 Karfa 3.-6. bekkur		14:45-15:45 1.-4. bekkur fótbolti		15:00-16:30 Fjölskyldutími	
16:00-17:00 Fjölskyldutími		16:10-17:10 5.-7. bekkur fótbolti		16:10-17:30 Karfa 7.-10. bekkur		15:45-16:45 5.-7. bekkur fótbolti					
18:00-19:00 Oldb. karfa		18:30-19:30 Blak KK		17:30-19:00 Laugdælir		17:30-19:00 Laugdælir		17:00-18:30 Karfa 7.-10. bekkur		17:30-19:00 M.fl. KK	
19:00-20:30 M.fl. KK		19:00-20:30 Blak KVK		19:00-20:30 Badminton		19:00-20:30 M.fl. KK		18:30-20:00 M.fl. KK		18:30-20:00 Blak KVK	
20:30-22:00 ÍBU meistaraflokkur		20:30-22:00 M.fl. KK		20:30-22:00 Karfa KVK		20:30-22:00 Oldb. karfa		20:00-21:30 Blak KK		20:00-21:30 Laugdælir	